



Alþingi – efnahags og skattanefnd
Austurvelli
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2010

Efni: Umsögn Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja (238. mál, fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011)

Alþingi hefur óskað eftir umsögn Hagstofu Íslands um ofangreint lagafrumvarp.

Frumvarpið fjallar um heimild fyrir efnahags og viðskiptaráðherra til afar víðtækrar gagnaöflunar til að kanna fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja. Í frumvarpinu er eingöngu fjallað um gögn sem afla á vegna verkefnisins.

Í þessu sambandi er gert ráð fyrir að gagna sé aflað frá Hagstofu Íslands.

Í 2. gr. frumvarpsins undir 2. tölulið er þessu lýst með eftirfarandi hætti. “Frá ríkisskattstjóra og Hagstofu Íslands: Upplýsingar úr skattframtölum og vegna staðgreiðslu opinberra gjalda einstaklinga og lögaðila sem talið hafa fram til skatts hér á landi.”

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er þessu lýst nánar þannig. “Með upplýsingum úr skattframtölum og vegna staðgreiðslu opinberra gjalda er átt við hvers kyns upplýsingar um einstaklinga og lögaðila hér á landi sem fengnar eru úr skattframtölum og gögnum sem borist hafa ríkisskattstjóra og Hagstofu Íslands og tengjast álagningu og greiðslu opinberra gjalda álagningu og greiðslu opinberra gjalda.”

Þessi gögn sem hér er lýst eru ekki frumgögn Hagstofu Íslands. Hinsvegar eru þau gögn ríkisskattstjóra vegna álagningar opinberra gjalda og staðgreiðslu. Því er þessu ákvæði um öflun gagna ranglega beint að Hagstofunni.

Hagstofan notar hinsvegar skattgögn sem fengin eru frá ríkisskattstjóra og við gerð ýmiss konar tölfræði samkvæmt heimildum sem er að finna í lögum sem um hana gilda (nr. 163/2007). Slík gögn eru skilgreind sem trúnaðargögn og er kveðið á um að þau skuli eingöngu nota til hagskýrslugerðar.

Hliðstæð ákvæði um að ekki sé heimilt að afhenda gögn sem notuð eru til hagskýrslugerðar til þriðja aðila er einnig að finna í evrópsku lögunum um tölfræði (reglugerð (EC) No 223/2009) sem er hluti EES samningsins.

Ákvæði sama efnis er einnig að finna í Grundvallarreglum um opinbera hagskýrslugerð í ríkjum Sameinuðu þjóðanna og verklagsreglna um evrópska hagskýrslugerð.

Þessi grein frumvarpsins þar sem ætlast er til að Hagstofan útvegi skattgögn er vegna gagna sem eru ekki frumgögn Hagstofunnar heldur ríkisskattstjóra. Auk þess gengur hún gegn þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi Hagstofunnar.

Hagstofa Íslands fer því fram á það við efnahags og skattnefnd að vísun til hennar verði felld brott í 2. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Rósmundur Guðnason
skrifstofustjóri efnahagssviðs